Steinsteypt háspennumöstur?

Í nýútkomnu tímariti Verkfræðingafélags Íslands er skýrt frá því að Ríkharður Kristjánsson hafi hafið störf hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1. sept. s.l.

Fyrsta verkefni Ríkharðs, sem er nýbakaður doktor í burðarþolsfræði frá Þýskalandi er að gera könnun á því hvort hagkvæmt geti verið að nota steinsteypta stólpa í háspennumöstur í stað innfluttra viðarstólpa eða stálmastra.

Þjóðviljinn hafði tal af Ríkharði og sagði hann að könnunin væri rétt að fara af stað enn þá og væri hann nú að viða að sér gögnum frá svipuðum rannsóknum erlendis frá. Langt væri því í niðurstöður enn.

Innflutningur háspennumastra úr tré og stáli kostar mikinn gjaldeyri, og sagði Ríkharður að ef steypan reyndist nógu góð myndi verða af þessu mikill sparnaður.

Hann sagði einnig að steinsteyptir stólpar af þessu tagi væru minni um sig en stálmöstrin og að ekki myndi bera meira á þeim í landslaginu heldur en tréstólpunum. **ÁI.**

Brúarsmíði í ár

Í nýútkomnu tímariti Verkfræðingafélags Íslands er yfirlit yfir verkefni í brúargerð sumarið 1977.

Þar segir að stærsta verkefni brúardeildar Vegagerðar ríkisins sé bygging brúarinnar yfir Borgarfjörð, en fjárveiting í þá brú nemur 400 miljónum króna, og hún verður 520 m. löng.

Af öðrum brúm eru nefndar brú á Kolgrímu í Suðursveit, (73 m.), brú á Gljúfurá í Húnavatnssýslu (59 m.), brú á Mjóadalsá hjá Mýri á Sprengisandsleið (45m), brú á Laxá hjá Hvammi í Laxárdal í Skagafjarðarsýslu (24m), brú á Hvaldalsá, austan við Hvalnes (8m) og brú á Hólsá á Sólheimasandi (14m) Eru þá ótaldar 10 minni brýr.

Á þessu ári verður lokið málun og frágangi brúa á Skeiðarársandi og brúar á Austurós Héraðsvatna í Skagafirði.

Þá mun Vegagerð ríkisins annast byggingu á undirstöðum fyrir 150 m pípubrú á Eyjafjarðará, en það er hluti af aðveitulögn hitaveitu Akureyrar.

Frá Bridgefélagi Kópavogi

S.l. fimmtudag 7. okt. var spiluð 2. umferð tvímenningskeppni hjá Bridgefélagi Kópavogs.

Birgir og Guðmundur halda enn fyrsta sæti en tvö pör fylgja fast á eftir. **Stig.**

1. Birgir Ísleifsson — Guðmundur Pálsson 269
2. Grímur Thorarensen — Guðmundur Pálsson 259
3. Sverrir Ármannsson — Guðmundur Arnarsson 257
4. Sigurður Thorarensen — Jóhann Bogason 230
5. Ármann J. Lárusson — Haukur Hannesson 230

6.-7. Kristinn Á. Gústafsson — Árni Jónasson 226

6.-7. Guðmundur Kristjánsson — Hermann Finnbogason 226

Síðasta umferðin í keppninni verður spiluð næsta fimmtudag í Þinghól Hamraborg 11.

Stjórnin hefur gert eftirfarandi áætlun um starfsemi félagsins fram að áramótum:

Tvímenningur 29. sept. — 13. okt. '77 3 kvöld

Hraðsveitakeppni 20. okt. — 17. nóv. '77 5 kvöld.

Einmenningur / Firmakeppni 24. nóv. '77 fyrri hluti


Tvímenningur — Buttler 1. — 15. des. '77 3 kvöld.

Jólafrí.

Einmenningur / Firmakeppni 6. jan. '78 síðari hluti.

Aðalsveitakeppni hefst 12. jan. '78 — líklega 7 kvöld.

Framhald verður ákveðið síðar.



Guðmundur Benediktsson er sérstakur gestur Haustsýningarinnar og sýnir 11 verk sem öll eru gerð á árunum 1976 — 77. Hér sést hann við eitt þeirra (Ljósm.: —eik)


Haustsýning FÍM

Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna 1977 verður opnuð á Kjarvalsstöðum laugardaginn 8. október — kl. 15.00. Á sýningunni verða alls 123 myndlistarverk eftir fjörutíu og einn höfund. Af þessum myndlistarhöfundum eru tuttugu og tveir félagar í FÍM en 19 utan félagsins. Nokkrir hinna síðarnefndu sýna nú myndir í fyrsta sinn á Haustsýningu.

Á sýningunni eru: myndvefnaður, keramikverk, glermyndir, grafík af ýmsu tagi, kritarmyndir, olíumálverk, vatnslitamyndir, myndverk gerð með blandaðri tækni, höggmyndir eða skúlptúrverk auk annarskonar hráefnis. Fyrir tveim árum var Louisa Matthíasdóttir listmálari sérstakur gestur Haustsýningar FÍM en í þetta sinn hefur sýningarnefnd félagsins valið Guðmund Benediktsson myndhöggvara til kynningar.

Guðmundur Benediktsson myndhöggvari fæddist í Reykjavík árið 1920. Um þrítugt gerðist hann nemandi Ásmundar Sveinssonar í Myndlistarskólanum, sem nú er til húsa við Freyjugötu (Ásmundarsal).

Guðmundur hefur tekið þátt í fjölda myndlistarsýninga bæði hér heima og erlendis t.d. á Norðurlöndum í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Haustsýning FÍM 1977 stendur frá 8. — 23. október að Kjarvalsstöðum. Hún er opin virka daga kl. 16.00 — 22.00 en laugardaga og sunnudaga kl. 14.00 — 22.00. Húsið er lokað á mánudögum.



Fraktleiðin liggur um Luxemborg

Frá framleiðendum í mið- og suður evrópu
liggur fraktleiðin
um Luxemborg hingað heim.
Þaðan og þangað er daglegt þotuflug.
Láttu okkur beina vörunni þinni á rétta leið.
Síminn er 84822. Biddu um fraktsölumann.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS LOFTLEIÐIR flugfrakt